



Alþingi - nefndasvið  
B.t. ritara menntamálanefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda  
Forbrugertalsmanden  
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is


Höfðaborg  
Borgartúni 21, 2. hæð  
IS-105 Reykjavík  
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 01.12.2006  
Tilv. 2005/0037 - 2.0  
GT

**Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 24. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 122/2000 um Ríkisútvarpið, stjórn, afnotagjöld, og árétting um 56. mál, Ríkisútvarpið ohf., heildarlög (133. löggjafarþing)**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 10. nóvember sl., um fyrrgreint þingmál. Tekið skal undir tillögu um dagskrárráð (5. og 6. gr.) sem skipað sé m.a. fulltrúum almennasamtaka á borð við Neytendasamtökin. Tel ég tillöguna til þess fallna að auka áhrif notenda á útvarpsþjónustu í almannapágu og þar með aðhald neytenda. Í þessu sambandi vil ég áréttu umsögn mína, dags. 17. febrúar sl., um 401. mál á 132. löggjafarþingi, Ríkisútvarpið (RÚV) hf., en ekki gafst færi á að skila umsögn innan þess frests sem gefinn var um nýtt mál, 56. mál, RÚV ohf., sbr. bréf yðar, dags. 20. október sl. Í fyrri umsögn minni, sem hjálgöð er í afriti, lagði ég til stofnun neytendaráðs og virðist mér dagskrárráð til þess fallið að ná sömu markmiðum að einhverju leyti. Benti ég á að þörf á slíku væri því brýnni ef það rekstrarform, sem enn er lagt til, yrði ofan á. Í umsögninni vék ég sérstaklega að þörf á að bæta stöðu notenda sem komið er á móts við að hluta til með því að lagt er til í 2. mgr. 12. gr. frv. að upplýsingalög nr. 50/1996 gildi um RÚV ohf. Efnislega vil ég aðeins áréttu varðandi 56. mál, RÚV ohf., að ég tel enn brýna þörf á að kveða sérstaklega á um það í lögum – eða til vara í samningi um útvarpsþjónustu í almannapágu – að RÚV sé gert skylt að standa að auglýsingum og fræðslu til neytenda og borgara um almannapjónustu. Um nánara inntak tillögunnar og rök fyrir henni og aðdraganda vísa ég til fyrri umsagnar, dags. 17. febrúar sl., sem hjálgöð er í afriti.

Virðingarfyllst,  
talsmaður neytenda,

  
Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum